

HAFNARFJARÐARBÆR



www.hafnarfjordur.is



14. fundur Framkvæmdanefnd um uppbyggingu knatthúss á Ásvöllum, þann 22. febrúar 2022, kl. 16:00.

Fundurinn fór fram á Ásvöllum og á teams

Starfshópur:

Kristinn Andersen, formaður		mættur
Samúel Guðmundsson		mættur
Karl Guðmundsson		mættur
Brynjar Þór Gestsson		forföll
Daði Lárusson		mættur

Með starfshópnum starfa:

Geir Bjarnason	Íþrótt- og tólmundarfulltrúi	forföll
Rósa Steingrímsdóttir	Sviðstjóri fjármálasviðs	forföll
Magnús Gunnarsson	Framkvæmdastjóri Hauka	mættur
Sigurður Haraldsson	Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs	mættur

Gestir fundarins:

Helgi Már Halldórsson	Arkitekt og framkvæmdastjóri ASK arkitekta	mættur á teams
Haukur J. Eiríksson	Byggingarverkfræðingur Hnit	mættur á teams
Pétur Vilberg Guðnason	Byggingarverkfræðingur Strendingi	mættur

Eftirfarandi var tekið fyrir.

1. Staða mats á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir og lagt fram álit dags. 22.2.2022 vegna matsskyldufyrirspurnar. Álitið verður lagt fram í skipulags- og byggingarráði 1. mars nk.

2. Staða hönnunar.

Helgi Már fór yfir aðaluppdrætti, um það bil 50% af hönnun er lokið.

3. Endurskoðun á kostnaðaráætlun.

Í meginatriðum stendur sú kostnaðaráætlun enn sem lagt hefur verið upp með, en verð á stáli hefur hækkað og einnig hefur vísitala hækkað frá því að forhönnunarskýrsla var lögð fram. Farið verður aftur yfir kostnaðaráætlun þegar hönnun er lokið.

4. Rafbílastæði á lóð.

Rætt á fundinum, samþykkt að skoða lóðina á Ásvöllum í heild og leysa bílastæði fyrir rafmagnsstæði heildrænt.

5. Not íþróttahússins.

Áréttað var að þótt húsið geti komið að notum með ýmsum hætti, þá er verkefnið að hanna knatthús og hönnun þess miðist áfram við það.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17:15

Næsti fundur verður boðaður sérstaklega.